

**Nd.**

**747. Breytingartillögur**

**[251. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 8. gr. laganna komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (9. gr.) Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald skv. 5. gr., enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kauprétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til. Umsækjendur um lán til iðngarða geri stjórn Iðnlánasjóðs fullnægjandi grein fyrir áformum sínum sambliða lánsúmsókn.
- b. (10. gr.) Tekjur lánadeildar iðngarða eru:
  1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
  2. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með árinu 1980 til og með ársins 1983, renni allt að 250 milljónum króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
  3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar, sbr. 6. grein.
  4. Vextir og vísitöluúlag.
- c. (11. gr.) Almenn lánakjör Iðnlánasjóðs skulu gilda um lán úr lánadeild iðngarða, en að öðru leyti setur iðnaðarráðherra, í samráði við stjórn Iðnlánasjóðs, með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar. Í reglugerðinni skal þess gætt, að með aðstöðu innan iðngarðs sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan byggðarlaga eða á landsvísu.